

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÓE, RH).

1. Við 1. gr. Á eftir d-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
  - e. Framlög úr ríkissjóði, sem nema 5% — fimm af hundraði — af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971.
2. Við 3. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:

Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., er sveitarstjórn heimilt að leggja árlega skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.
  - b. 1. málsliður 2. mgr. orðist svo:

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera allt að því sem hér segir:
  - c. 3. mgr. falli niður.
  - d. Orðin „og 3.“ í 4. mgr. falli niður.
  - e. 4. mgr. falli niður.
3. Við 4. gr. 4. mgr. orðist svo:

Gjalddagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða aðra gjalddaga.
4. Við 5. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili, samkomuhús, öryrkja- og elliheimili, heilsuhæli, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa. Séu stofnanir, sem að framan greinir, reknar sem atvinnufyrirtæki í ágóðaskyni, skulu þær ekki undanþegnar fasteignaskatti.
  - b. Við 1. málslið 3. mgr. bætist: af eigin íbúð, sem þeir búa sjálfir í.
5. Við 21. gr. Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Aðrir aðilar greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.
6. Við 22. gr. Í stað orðanna „sem um ræðir í 1.—4. gr.“ komi: sem um ræðir í 1.—5. gr.
7. Við 23. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:

Útsvar manna, sbr. 1. mgr. 21. gr., skal leggja á tekjur þær, sem taldar eru í 7. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. þeirra laga.
  - b. Við bætist ný mgr., er verði 4. mgr., svo hljóðandi:

Útsvar annarra aðila, sbr. 2. mgr. 21. gr., skal leggja á hreinar tekjur þeirra samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 15. júní 1971, að frádregnum greiðslum og tillögum þeim, er um ræðir í 17. gr. þeirra laga.
  - c. Á eftir 4. mgr., er verður 5. mgr., bætist ný mgr., er verði 6. mgr., svo hljóðandi:

Nú hyggst sveitarstjórn breyta framtali gjaldanda í óhag, er hún úrskurðar það, og skal hún þá tilkynna honum þá fyrirætlun og gefa honum kost á að gæta réttar síns. Þetta ákvæði gildir þó ekki um leiðréttingar á augljós-um villum, svo sem færslum í framtölum, sem brjóta í bága við lagafyrirmæli, eða reikningssekkjum.

8. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

Útsvar manna, sbr. 1. mgr. 21. gr., skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 1.—3. mgr. 23. gr., sem þó má ekki hærra vera en 10%, sbr. þó 4. mgr. 26. gr., og skal sami hundraðshluti lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.

Útsvar annarra aðila, sbr. 2. mgr. 21. gr., skal vera 23% af skattgjaldstekjum þeirra, sbr. II. tl. 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. og 4. mgr. 23. gr. þessara laga, sbr. þó 4. mgr. 26. gr.

9. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Útsvar samkvæmt 25. gr. skal lækka um 10 000 kr. hjá hjónum og einstæðu foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín innan 16 ára aldurs, um 7 000 kr. hjá einstaklingum, um 5 000 kr. hjá hvoru hjóna, telji þau fram sitt í hvoru lagi, og um 1 500 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.

Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 25. gr., sbr. og ákvæði þessarar greinar, reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hundraðshluta þá, er um ræðir í 25. gr., að rétttri tiltölu, unz hinni áætlunin upphæð að viðbættum 5—10% er náð. Hækkun hundraðshlutanna má þó aldrei fara fram úr 10 hundraðshlutum.

10. Við 29. gr.

a. Í stað „jafnháa allt að helmingi þess útsvars“ í 1. málslíð a-liðar komi: jafnháa allt að 60% þess útsvars.

b. Síðari hluti b-liðar orðist svo: frá 1. júlí til 1. nóvember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

11. Við 30. gr. Aftan við m-lið komi viðbót, svo hljóðandi:

enda hafi verið haldið eftir af kaupi hans í samræmi við kröfu sveitarstjórnar.

12. Við 36. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: á árinu 1972.

13. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Aðstöðugjald má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi helmingi þess hámarks, sem leyfilegt var á árinu 1971.

14. Á eftir 45. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatalan breytist eftir því:

Framlög úr ríkissjóði samkvæmt e-lið 1. gr. renna til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 15. júní 1971.

15. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður:

Sveitarstjórnnum er heimilt með samþykki ráðuneytis að veita allt að 50% frádrátt frá tekjum giftrar konu, áður en útsvar er á þær lagt, þar til heildarendurskoðun á skattamálum hjóna hefur farið fram.